

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Berserkseyrar ytri 2 og 3, Grundarfjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 28. janúar 2011 deiliskipulag Berserkseyrar ytri 2 og 3, Grundarfirði. Deiliskipulagið felst í að markaðar eru tvær frístundalóðir í landi Berserkseyrar ytri 2 og ein í landi Berserkseyrar ytri 3. Húsin skulu vera á einni hæð en heimilt er að hafa kjallara. Hámarksgrunnflötur er 100 m<sup>2</sup> og geta húsin verið 200 m<sup>2</sup> ef kjallari er byggður. Ef kjallari er ekki byggður er heimilt að nýta rými í risi fyrir svefnloft.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Grundarfirði, 24. mars 2011.*

**Smári Björnsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. apríl 2011